

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar, Hótel Hamar, Borgarnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. ágúst 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. ágúst 2022.

Í breytingunni felst um 1 ha stækkun á blandaðri landnotkun (BL3) við Hótel Hamar í Borgarnesi vegna áforma um aukin umsvif og opið svæði O16 minnkar að sama skapi.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. ágúst 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 8. september 2022